

1.5 AFMÆLISBLAÐRA

MYND SKORIN Í VEGGJAVÍNYL TIL AÐ BÚA TIL AFMÆLISLÍMMIÐA



HVAÐ ÞARF:

- + INKSCAPE-FORRIT
- + VÍNYLSKERA
- + VEGGJAVÍNYL
- + PLOKKTÓL
- + TRANSFER TAPE

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



MYND AF TEIKNINGUNNI Í INKSCAPE

OPNAÐU INKSCAPE





AÐ STILLA VINNUSVÆÐIÐ

1. **File** - Document Properties.
2. Unit – mm.
3. Breidd 300 og Hæð 400.


AÐ BÚA TIL HRING

1. Veldu hringinn.
2. Teiknaðu hringinn með músinni.
3. Stilltu breidd í 295 mm og hæð í 365 mm.
4. Færðu hringinn inn á vinnusvæðið.
5. Litaðu hringinn rauðan.





AÐ GERA TEXTA

1. Veldu A-merkið.
2. Skrifaðu nafn afmælisbarnsins.



AÐ BEYGJA TEXTA

1. Veldu textann og hringinn.
2. Farðu í **Text** efst á skjánum og veldu Put on Path.
3. Veldu textann, farðu í **Path** og veldu Object to Path.




AÐ SNÚA TEXTANUM

1. Smelltu tvisvar á textann til að fá upp snúningsörvar (ekki tvísmella)
2. Notaðu snúnings örvarnar til að snúa textanum.
3. Stækkaðu textann þannig að hann komi vel út í efri helmingi blöðrunnar.






AÐ GERA TEXTA

1. Veldu A-merkið.
2. Skrifaðu hvað afmælisbarnið er gamalt.
3. Stækkaðu þannig að það komi vel út í neðri helmingi hringins.



AÐ GERA ÞRÍHYRNING

1. Veldu stjörnuna vinstra megin á skjánum.
2. Veldu að formið hafi 3 horn (efst til vinstri).
3. Smelltu á þríhyrninginn á meðan hann er valinn.
4. Notaðu snúningsörvarnar til að snúa þríhyrningnum rétt.
5. Stilltu þríhyrninginn í 35 mm á breidd og 60 mm á hæð.
6. Færðu þríhyrninginn neðst fyrir miðju á hringnum með um það bil helminginn inn á hringnum.



AÐ MIÐJA

1. Veldu allt.
2. Farðu í **Object** og veldu Align and distribute.
3. Miðjaðu á y-ás.

AÐ SAMEINA

1. Veldu hringinn og þríhyrninginn.
2. **Path** - Union.
3. Veldu allan textann.
4. **Path** - Union.

AÐ TAKA FRÁ


1. Veldu blöðruna og textann.
2. **Path** - Difference.



AÐ GERA SKURÐLÍNU

Skurðarlínur eiga alltaf að vera RAUÐAR og 0.020 mm.

1. Veldu blöðruna.
2. **Object** - Fill and Stroke.
3. Taktu Fill af.
4. Stroke paint og stilltu rauðan í fullt (255)
5. Stroke style og stilltu á 0.020 mm.



AÐ VISTA VERKEFNIÐ

1. Farðu í **File** og veldu Save as.
2. Vistaðu skjalið sem .pdf
3. Þá opnast gluggi sem þú stillir svona:

